

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.  
Sökum endurtekinna vitnaleiðslna úti á landi hefir mál þetta ekki orðið tekið til munnlegs málflutnings fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Þeim meðlimum Nótar, félags netavinnufólks, sem unnu að netabætingum hjá stefnda, Birni Benediktssyni, á Siglufirði sumarið 1938, bar í kaup kr. 2.25 ÷ 3% eða kr. 2.1825 fyrir hverja klukkustund.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 16. apríl, 1940.

Nr. 2/1940. Alþýðusamband Íslands f. h. Verkavennafélagsins Brynju

gegn

Ingimundi Hjálmarssyni.

Mál út af ákvæðum vinnusamnings um forgangsrétt til vinnu.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkavennafélagsins Brynju á Seyðisfirði gegn Ingimundi Hjálmarssyni á Seyðisfirði með stefnu, dags. 3. febr. s. l., og hefir stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði skyldaður til þess að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkavennafélaginu Brynju á Seyðisfirði, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkavennavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta, og er honum þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega, sbr. 52. gr. laga nr. 80/1938.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á kauptaxta eða samningi, sem stefndi ásamt öðrum hefur undirritað, og gildir kauptaxti þessi eða samningur eftir innihaldi sínu frá 1. apríl 1939 til jafnlengdar 1940. En stefnandi telur, að stefndi hafi á umræddu tímabili brotið ákvæði 1. gr. samnings þessa. Með því að dómkröfur stefnanda eru í samræmi við

nefndan samning, sem lagður hefir verið fram í málinu í staðfestu eftirriti, ber að taka þær til greina.

Málkostnaðar hefir ekki verið krafizt.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingimundur Hjálmarsson, er skyldur til þess, meðan framangreindur samningur er í gildi, að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkakvennafélaginu Brynju, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkakvennavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.

Þriðjudaginn 21. maí 1940.

Nr. 26/1939 Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar

gegn

Sveinafélagi múrara í Reykjavík.

Ágreiningur út af því, hvort stofnast hafi vinnusamningur milli málsaðilja. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki sjálfur með sveinum sínum. Stéttarfélag dæmt í skaðabætur fyrir að hafa stuðlað að og stutt óréttmætt verkfall múrarasveina. Sýknað af kröfu um sektir fyrir samningsrof.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar, múrarameistara, Bjarkargötu 8 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 gerðu múrarameistarar og Sveinafélag múrara í Reykjavík með sér vinnusamning, og gekk samningur þessi úr gildi 15. júlí s. l. samkvæmt uppsögn frá Sveinafélaginu. Eftir að uppsögn hafði farið fram, en áður en samningstíminn væri útrunninn, reyndu aðiljar að semja um framlenging samningsins. Það gekk ekki saman með